


Ársskýrsla 2016



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports





Hamingjan er sem hafið

Hamingjan er sem hafið,
hjúpað af sólarglóð,
dreymir að djúpið hylji
dýran og fágætan sjóð.

Hamingjan er sem hafið
er hlustar á stormsins óð,
gjálfrar og glymur og veltist
og gleymir þeim dýra sjóð.

Hamingjan er sem hafið,
- guð hjálpi þér veika mærl!
Það djúp, er þann dýrgrip geymir
er dýpra' en vor löngun nær.

Jónas Guðlaugsson 1887 - 1916



Frá stjórnarformanni



Gífurleg þróun hefur átt sér stað í hafnarmálum á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því að Gamla höfnin var tekin í notkun. Það er sjálfsagt að minnast slíkra tímamóta á þessu ári, en þó með þeim formerkjum að vinnunni við hafnarmannvirki í lifandi hafnarborg er hvergi nærri lokið – og lýkur sennilega aldrei.

Hlutverk Gömlu hafnarinnar breyttist mikið þegar Sundahöfn tók við flutningum um 1970 og þegar hafnirnar voru svo sameinaðar í Faxaflóahafnir árið 2005. Breytt hafnarstarfsemi hefur einnig haft mikil áhrif á þróun og skipulag Reykjavíkur.

Í hafnarborg eins og Reykjavík er, gegnir hafnarsvæðið afar mikilvægu hlutverki fyrir athafnalífið og efnahagslífið - en ekki síður mannlífið. Í raun ræður þróun hafnarmála miklu um framtíðarskipulag borgarinnar.

Faxaflóahafnir eru hver með sínu sniði og gegna sínu hlutverki. Grundartangi er iðnaðarhöfn og Akranes er fiskihöfn. Sundahöfn er megingátt flutninga til og frá landinu og getur þjónað næstu kynslóð flutningaskipa sem eru stærri og djúpritari en þau skip sem nú annast flutninga. Með nýjum 400 metra löngum Kleppsbakka og dýpkun viðlegu, sem er verið að framkvæma, verður mögulegt fyrir mun stærri gámaskip að nýta sér bakkann. Á næstu árum er gert ráð fyrir lengingu Kleppsbakka og landfyllingu við Sundabakka. Þessum hafnarmannvirkum munu fylgja kranar sem setja svip sinn á svæðið og minna á að Reykjavík er sannkölluð hafnarborg.

Á klettasvæðinu við Sundahöfn er áætluð aukning húsnæðis, samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur, um 80 þúsund fermetrar með vikmörkum. Það er því ljós að á næstu árum og áratugum verður mikil breyting á þessu svæði. Þar er gert ráð fyrir blandaðri byggð sem getur lifað í sátt og samlyndi við hafnarsvæðin fyrir utan.

Gamla höfnin er svo allt í senn fiskihöfn, þjónustuhöfn og svæði blandað menningu, atvinnulífi og þjónustu á landi. Uppbygging svæðisins við Granda á síðustu árum hefur skilað sér í skemmtilegu samspili atvinnulífs, afþreyingar og menningar. Marshallhúsið er gott dæmi um hvað gerist þegar

allir þessir kraftar koma saman, og gömul síldarbræðsla á hafnarbakkannum öðlast nýtt líf sem eitt mest spennandi myndlistar- og menningarhús borgarinnar - innan um lífligan atvinnurekstur.


Það er mikill áhugi á uppbyggingu á Grandanum og Vesturhöfn en þeirri uppbyggingu er mikilvægt að stýra vel til þess að tryggja að hún falli vel að svæðinu og þeirri starfsemi sem er þar fyrir. Það þarf einnig að huga vel að umferðarmálum á svæðinu og hugsa þau mál á framsýnan hátt. Bættar tengingar fyrir gangandi og hjólandi ásamt öflugum tengingum almenningsganganga við Borgarlínuna er mikilvægt innlegg í uppbyggingu á starfsemi eins og skrifstofum, verslun og þjónustu á svæðinu.

Gamla höfnin gegnir einnig lykilhlutverki sem aðstaða fyrir ferðaþjónustuna í Suðurbugt, Vesturbugt og á Miðbakka. Ný þjónustu- og söluhús sem byggð verða á svæðinu, en samræmd og vönduð hönnun ræður þar för, og mun gera svæðið huggulegt fyrir bæði gesti og heimamenn. Yrki arkitektar hafa horft sérstaklega til húsa kaupmanna við Kolasund í kringum aldamótin 1900 við hönnun húsanna, sérstaklega hvað efnisval og form varðar, en úr verða einföld og nútímaleg söluhús með vísan í Reykjavík sem var. Ekki má heldur ekki gleyma uppbyggingunni á Hörpureitnum. Það verður spennandi að glæða þann hluta hafnarinnar nýju lífi með nýju þjónustu- og verslunarsvæði fyrir ferðamenn og almennig.

Þá er einnig vert að nefna nýjar skuldbindingar Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum í anda Parísarsáttmálans, sem mun hafa mikil áhrif á starfsemi Faxaflóahafna til framtíðar. Í nýrri stefnu og aðgerðaráætlun er allt sett undir – rekstur, heimili og atvinnulíf í Reykjavík. Þar eru Faxaflóahafnir ekki undanskildar, því stefnt verður að rafvæðingu þeirra í samstarfi við ríki, orkusölu fyrirtæki og aðrar hafnir til að sporna gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

Hlutverk Faxaflóahafna er ótrúlega fjölbreytt og svo verður vissulega áfram. Við þurfum að halda í kjarnastarfsemi hafnanna enda hafa þær þjónað hlutverki sínu í heila öld. Nú horfum við til framtíðar með aukna þjónustu fyrir notendur hafnanna, hvort sem það er í þágu iðnaðar, útgerðar, íbúanna eða gesta hafnanna.

Dagur B. Eggertsson,
formaður stjórnar Faxaflóahafa sf.



Ávarp hafnarstjóra



Allt er breytingum háð - þar með talið í lífi og starfsemi hafna. Þótt alvöru hafnir á Íslandi eigi sér ekki lengri sögu un rétt um 100 ár þá hefur þróun þeirra verið nokkuð hröð enda mikilvægt að hafnaraðstaða mæti þeim kröfum sem notendur þeirra þurfa á að halda. Skip hafa stækkað og breyst, flutningamáti hefur breyst í árunna rás og miklar

breytingar hafa orðið í veiðum og vinnslu á sjávaraflla. Hjá Faxaflóahöfnunum hefur umferð skipa og flutningar aukist nokkuð á síðustu árum bæði í Sundahöfn og á Grundartanga. Umsvifin í löndun á sjávaraflla hefur hins vegar dregist saman á Akranesi og Gömlu höfninni í Reykjavík, sem fagnar nú 100 ára afmæli, hefur þróunin í hafsækinni ferðaþjónustu verið hröð. Hið augljósa blasir við okkur að á eyjunni Íslandi er sá kostur sjálfgefinn að inn- og útflutningur verður að byggjast á sjóflutningum til þess að þeir flutningar gangi snurðulaust fyrir sig og skilji eftir sig eins lítil umhverfisáhrif sem kostur er, þá þarf góða aðstöðu og gott samstarf fyrirtækja í flutningi og hafnarinnar. Í þeim efnum hefur okkur gengið vel á síðustu áratugum, en framundan eru áskoranir sem krefjast enn frekari samvinnu. Þar bera loftslagsmál hæst og mikilvægt að í norðurhöfum verði aðeins notað léttasta eldsneyti til að draga sem mest úr losun gróðurhúsalofttegunda og að í höfn verði skip tengd rafmagni. Sama á við um siglingar skemmtiferðaskipa, en í dag er hins vegar hægt að landtengja fiskiskip rafmagni. Eflaust má segja að á heimsvísu sé losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum við Íslandsstrendur lítil hluti af heildarlosun vegna siglinga. Það undanskilur okkur ekki frá því að gera það sem við best getum.

Alla tíð hefur uppbygging hafna og rekstur þeirra varðað umhverfismál. Fyrr var umhverfisþátturinn ekki ofarlega á baugi þó svo að oftast nær hafi vel verið gert í þeim málum.

Á síðustu árum hafa umhverfismál hins vegar sífellt vaxið að umfangi, viðhorfi og í verkefnum. Faxaflóahafnir sf. hafa fylgt þeirri þróun. Eðlileg þróun þeirra mála er vottun á umhverfisstjórnunarkerfi starfseminnar og nú er það verkefni á lokametrunum, en útlit er fyrir að síðla árs 2017 verði Faxaflóahafnir sf. með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Vottunin er einn áfangi, en verkefnið að viðhalda vottuninni og sjá til þess að slíkt stjórnunarkerfi virki á jákvæðan hátt á starfsemi fyrirtækisins, en þar verða allir innan fyrirtækisins að taka þátt auk þess sem kröfur verða gerðar til viðskiptavina okkar.

Þegar á heildina er litið þá er staðan sú að okkur miðar fram á veginn þó svo að ýmis verkefni bíði okkar á komandi árum. Hafnarframkvæmdir eru í eðli sínu dýrar, en þeim er einnig ætlað að duga til langs tíma. Þess vegna skiptir mestu að hafa skýra sýn á það sem þarf að gera og hver tilgangur framkvæmda er. Sem megingátt flutninga til og frá landinu verða mannvirki í Sundahöfn að þjóna vöruflutningum á komandi áratugum og á Grundartanga er mikilvægt að þar geti áfram þróast atvinnustarfsemi sem hafi lágmarks umhverfisáhrif. Á Akranesi er vonin sú að þar geti áfram þróast líflæg fiskihöfn, en í Gömlu höfninni mun áfram þróast fjölbreytt starfsemi útgerðar, fiskvinnslu, þjónustu við skip og ferðamenn í bland við fjölbreytta menningarstarfsemi.

Það eru því spennandi tímar framundan þar sem fjölbreytt verkefni bíða úrlausnar, en meginmarkmiðið er að starfsemi Faxaflóahafna sf. skili eigendum sínum og íbúum þeirra öflugu atvinnu- og athafnalífi.

Gísli Gíslason
hafnarstjóri

Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 26. maí 2017

Inngangur

Afkoma Faxaflóahafna sf. var á árinu 2016 betri en lagt var upp með í fjárhagsáætlun ársins. Tekjur voru umfram áætlun og rekstur innan marka fjárhagsáætlunar. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er áfram sterk, en stór verkefni framundan á öllum hafnarsvæðum fyrirtækisins. Auknir flutningar og lágur langtímaskuldir hafa styrkt fjárhagsstöðu fyrirtækisins, sem er þannig sjálfbært um nauðsynlegar framkvæmdir og endurbætur, sem eru forsenda öflugra atvinnulífs á starfssvæðum fyrirtækisins.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2016 eftirfarandi:

Reykjavíkurborg.....	75,5551%
Akraneskaupstaður.....	10,7793%
Hvalfjarðarsveit.....	9,3084%
Borgarbyggð.....	4,1356%
Skorradalshreppur.....	0,2216%

Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 26. maí 2016 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn: Dagur B. Eggertsson, formaður
S. Björn Blöndal, varaformaður
Líf Magneudóttir
Pórlaug Ágústsdóttir
Hildur Sverrisdóttir

Varamenn: Gunnar Alexander Ólafsson
Elín Oddný Sigurðardóttir
Elsa Hrafnhildur Yeoman
Eva Lind Þuríðardóttir
Halldór Halldórsson

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Ólafur Adolfsson
Varamaður: Einar Brandsson
Áheyrnarfulltrúi: Ingibjörg Valdímarsdóttir

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Björgvin Helgason
Varamaður: Arnheiður Hjörleifsdóttir

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Aðalmaður: Magnús Smári Snorrason
Varamaður: Árni Hjörleifsson

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:

Aðalmaður: Sigríður Bergmann
Varamaður: Oddur Jósep Halldórsson

Hildur vék úr stjórn á árinu 2017 og tók sæti hennar Marta Guðjónsdóttir.

Afkoma ársins 2016

Afkoma ársins 2016 var vel viðunandi og reyndar betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2016 voru 3.409,5 mkr. sem 7,6% hækkun reglulegra tekna á milli árána 2015 og 2016. Hækkunin á milli ára nemur 241,5 mkr. Þetta árið reyndust megingintekjuliðir ársins yfir því sem áætlað var eða sem næst áætlun, nema aflagjöld, en samdráttur í lönduðum aflu og styrking krónunnar vegur þar þyngst. Aukning vörugjalda er um 16,1% á milli ára og skýrist af auknum innflutningi og auknu magni varnings sem fer í hæsta gjaldflokk. Tekjuauki af vörugjöldum skilaði hlutfallslega samsvarandi hækkun tekna af siglingavernd. Þá voru eignatekjur umfram áætlun.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2016 voru 2.705,2 mkr. og hækka að krónutölu á milli ára um 156,5 mkr. eða um 6,1%. Rekstrargjöld voru hins vegar 140,2 mkr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 4,9%.

Heildareignir 2016 námu 14.380,7 mkr. þar af námu fastafjármunir 12.391 mkr. og veltufjármunir 1.990 mkr. Heildareign hækkaði á milli ára um 438,7 mkr. eða um 3,1%.

Heildarskuldir voru 1.352 mkr. og lækkuðu um 5,9 mkr. milli ára eða um 0,44%. Afborganir lána námu 107,2 mkr. en þær voru 158,1 mkr. árið 2015.

Eigið fé nam 13.028 mkr. í lok árs og hækkaði um 3,4%, sem skýrist af hagnaði ársins að frádregnum 310 mkr. arðgreiðslum.

Handbært fé frá rekstri í lok árs 2016 nam 1.526 mkr. og lækkar um 11 mkr. milli ára. Handbært fé í árslok nam 1.428 mkr. en það nam 1.735 mkr. árið 2015 sem er 17,7% lækkun.

Fjárfestingar voru í heildina 1.935 mkr. sem er hækkun um 107,6% á milli ára en árið 2015 námu þær 931,8 mkr.



Reykjavíkurböfn.

Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2016

Skipting fjárfestinga eftir hafnarvæðum er eftirfarandi:

	m.kr.	%
Gamla höfnin	124,8	6,5%
Sundahöfn	1.515,6	78,3%
Grundartangi	224,5	11,6%
Akranes	17,1	0,9%
Borgarnes	8,7	0,4%
Annað	44,1	2,3%
Alls	1.934,8	100%

Í **Gömlu höfninni í Reykjavík** var hafinn undirbúningur að byggingu á nýjum hafnarbakka, Norðurgarði 2. áf. Hafnar voru framkvæmdir við gerð efnisskiptaskurðar fyrir stálþil og viðlega við bakka dýpkuð. Unnið var að hönnun bakka, boðin voru út kaup á stálþili og bygging bakka boðin út í lok árs. Við það er miðað að framkvæmdir við bakkagerð verði verkefni ársins 2017 og bakkinn verði tilbúinn til notkunar í lok árs 2017. Farið var í endurbætur á frágangi og umhverfi við efri hluta Grandagarðs og allt svæðið fyrir framan verbúðir endurnýjað. Veitukerfi voru endurnýjuð, yfirborð svæðis hellulagt, gengið frá bílastæðum og lýsing endurnýjuð.

Í **Sundahöfn** var bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps helsta framkvæmd ársins. Keypt var stál til bakkagerðar, stálþil, stagefni og stálstaurar undir sporbita gámakrana. Alls voru innkaup á stálinu um 4.900 tonn. Lokið var hönnun bakka og bygging hans boðin út. Verkið er stórt og útboð þess var auglýst á evrópska efnahagssvæðinu. Tilboð voru opnuð vorið 2016 og framkvæmdir við bakkagerð hófust síðari hluta sumars. Bakkagerð skal skilað í þremur verkáfangum og verklok eru áætluð í maí 2019. Gengið var frá yfirborði Vogabakka



Sundahöfn.

Í farmstöð Samskipa og lokið frágangi nýrrar lóðar við Kjalarvog, sem sprengd var niður og landi skilað í hæð til lóðarhafa. Haustið 2016 var gengið frá samningum við Björgun hf. um kaup á eignum þeirra í Ártúnshöfða á lóðinni Sævarhöfða 33.

Á Grundartanga var unnið að lokaframkvæmdum við frágang á lengingu Tangabakka. Hafnar voru framkvæmdir við hækkun og endurnýjun á kantbita 2. áf. bakkans, en því verkefni lýkur á árinu 2017. Samhliða frágangi kantbita er yfirborð bakka endurnýjað. Gengið var frá nýrri lóð fyrir Eimskip en það verkefni er úthlutun á þremur nýjum lóðum á árunum 2016, 2017 og 2018. Ráðgert var að fara í framkvæmdir við vegagerð vegna lóðar Silicor Materials, en framkvæmdir bíða endanlegrar fjármögnunar verkefnisins og fleiri atriða.

Á Akranesi var farið í endurbætur á Aðalhafnargarði, endurnýjaðir pollar og rafdreifikerfi bakkans bætt.

Í Borgarnesi var sett upp ný flotbryggja.



Akranes.



Borgarnes.



Grundartangi.

Skipulags- og lóðamál

Nú hefur nánast öllum skipulögðum lóðum á Sundahafnar-svæðinu og á hafnarsvæði Gömlu hafnarinnar verið úthlutað. Hafinn er undirbúningur að deiliskipulagningu svæðisins utan Klepps. Farið hefur verið yfir lagnamál, vatn, rafmagn og fráveitur á fundum með Veitum, en það er forsenda frekari skipulagningar svæðisins. Á meðan framkvæmdum stendur við Kleppsbakka verður ekki farið í aðrar framkvæmdir á svæðinu, en byggingu bakka utan Klepps lýkur á árinu 2019. Auk skipafélaganna, Samskipa hf. og Eimskipa hf. hafa allnokkrir aðilar sótt um lóð á því svæði, sem er um tíu hektarar að stærð. Sú kvöð er á svæðinu að fyrirhuguð lega Sundabrautar liggur þvert yfir það með allt að fjögurra hektara helgunarsvæði.

Allnokkur erindi bárust með ósk um breytingu á deiliskipulagi í Örfirisey, en stærsta verkefnið þar er m.a. deiliskipulag svonefnds Línbergsreits. Samkomulag er þar í gildi milli Faxaflóahafna sf. og lóðarhafa um að skipulagningu á um 30.000 m² reit. Starfsemin í Örfirisey hefur verið að þróast og taka breytingum og innan tíðar verður svæðið fullbyggt. Þá hefur starfshópur verið að vinna forsendur deiliskipulags á svonefndum Tollvörugeymslu- og Kassagerðarreit við Héðinsgötu og Köllunarklettsveg. Loks skal nefnt að fyrir liggja tillögur Yrkis arkitekta um aðstöðu fyrir farþega hafsækinnar ferðaþjónustu á Ægisgarði og Vesturbugt og aðstöðu farþega skemmtiferðaskipa á Miðbakka. Unnið er nú að útfærslu þeirra hugmynda þannig að fyrir liggja tillaga um deiliskipulag.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti síðla árs að starfsemi Hringrásar að Klettagörðum 9 þurfi að víkja. Ljóst er að starfseminni þarf að finna nýtt athafnasvæði, en lóðarhafinn, Sindraportið hf. er með lóðarleigusamning sem gildir til ársins 2023. Stefnt er að því að flutningur Hringrásar af lóðinni geti orði talsvert fyrr.

Á Grundartanga liggja fyrir allar skipulagsgerðir í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Silicor Materials á sólarkísilverksmiðju. Fyrirtækið hefur hins vegar fengið frest til september 2017 til að taka ákvörðun um hvort af verkefninu verði.

Á Akranesi var hafin skoðun á stækkun lands vegna mögulegrar þróunar hafnarinnar, en hluti mannvirkja og þá aðallega fremsti hluti Aðalhafnargarðsins kallar á viðhald og endurnýjun. Mikilvægt er að aðalskipulag og deiliskipulag geri ráð fyrir þeim þróunarmöguleikum sem eru á Akranesi ef til aukinna umsvifa kemur þar á næstu árum. Löndun á fiski í Akraneshöfn hefur dregist verulega saman síðustu ár og léleg loðnuvertíð leiddi til þess að ekki hefur minni afla verið landað þar um margra áratuga skeið. Þá hefur smábátaútgærð átt undir högg að sækja eins og víða á landinu.

Málefni Björgunar ehf. voru enn sem fyrr til umfjöllunar. Í október 2016 var gengið frá samkomulagi við fyrirtækið um kaup á þremur fasteignum og efni til landgerðar, en fyrirtækið mun flytja af lóðinni á árinu 2019.



Umhverfismál

Umhverfismál hafa verið vaxandi þáttur í starfsemi Faxaflóahafna sf. og verða það áfram á komandi árum. Faxaflóahafnir sf. hafa á liðnum árum unnið markvisst að ýmsum umhverfisverkefnum, enda eru fjölmargir þættir umhverfismála sem snerta hafnarrekstur og uppbyggingu hafnarsvæða. Grænt bókhald var tekið upp árið 2006 og um starfsemina gildir samþykkt umhverfisstefna. Nýleg löggjöf herðir upplýsingagjöf um móttöku á sorpi og ár hvert er unnið að frágangi svæða þannig að þau uppfylli væntingar um gott útlit og umhirðu. Markmið fyrirtækisins er að fá vottun á umhverfisstjórnunarkerfi starfseminnar. Í því felst að unnið sé að umhverfismálum eftir ákveðnu gæðakerfi. Undirbúningur við uppbyggingu stjórnunarkerfisins miðar vel og stefnt að því að vottun samkvæmt staðlinum ISO 14001 fái á árinu 2017. Í framhaldi verður hafist handa við að fá vottun á öryggisstjórnunarkerfi Faxaflóahafna sf.

Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur samþykkt að öll skip sem tengst geta landrafmagni verði að tengjast. Á þeim grundvelli hefur verið unnið að úttektum á rafdreifikerfi hafnarinnar og undirbúið að styrkja lágspennukerfið í Gömlu höfninni og á Akranesi. Samhliða því hefur verið unnið að öflun upplýsinga um háspennukerfi, sem vafalaust munu þjóna skipum í höfnum í framtíðinni. Útblástur frá skipum og loftslagsmál eru og munu verða fyrirferðamikil í umræðu komandi ára og ljóst að kröfur verða gerðar til hafna, sem annarra, að draga úr losun koltvísýrings og brennisteins eins og kostur er. Þrátt fyrir að sjóflutningar séu almennt hagkvæmur flutningamáti þá eru tækifæri til að gera mun betur en gert

er í dag á þessu sviði. Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur ályktað um að bann varði sett við notkun svartolíu í Norðurhöfum og Faxaflóahafnir sf. undirritað yfirlýsingu þessa efnis, svonefnda „Arctic commitment“. Í tillögu að þingsályktun um aðgerðaráætlun í orkuskiptum er m.a. fjallað um hlutverk hafna í þeim aðgerðum, en Faxaflóahafnir sf. hafa í samvinnu við Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur og Háskóla Íslands, unnið skýrslu um með hvaða hætti megi ná árangri í orkuskiptum skipa sem liggja í höfn. Skýrslan mun reynast gagnleg á þeirri vegferð sem blasir við í þessum málaflokki.





Tölfræði

Helstu tölur varðandi flutninga, afla og skipakomur sýna að vöruflutningar hafa aukist og tekjur af vörugjöldum vaxið um 16,1% á milli ára. Skipakomum fjölgaði lítillega á milli ára. Flutningar í tonnum talið jukust um 4,6%, en fjöldi gámaeininga jókst úr 277.629 TEU í 308.066 TEU, sem er 10,9% aukning. Þessar tölur bera með sér að samsetning flutninganna hafi verið að breytast og aukin flutningur gáma og hækkun á tekjum hafnar þýðir að innflutningur á almennum varningi fari vaxandi.


Heildaraflí ársins 2016 var eilítið minni en árið 2015, en þar ræður miklu léleg loðnuvertíð.

Á árinu 2016 komu alls 1.502 skip yfir 100 brt. til Faxaflóahafna sf. og er það fjölgun á milli ára um 30 skip. Veruleg aukning hefur orðið á síðustu árum í fjölda brúttótonna m.a. vegna komu stærri skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Brúttótonnafjöldi skipa á árinu 2016 var 9.3 milljónir tonna.

Þróun landaðs afla hjá Faxaflóahöfnum frá 2010 til 2016 er eftirfarandi (tonn)


Landaður afli	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Reykjavík	106.751	109.791	107.414	112.988	125.492	117.489	126.586	131.246	117.779	106.456
Akranes	65.891	28.962	24.833	34.717	34.216	46.359	28.610	21.884	28.839	5.905
Alls	172.642	138.753	132.247	147.705	159.708	163.848	155.196	153.130	146.618	112.361

Vöruflutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. (tonn)






Skipakomur til hafna Faxaflóahafna sf



Komur skemmtiferðaskipa og fjöldi farþega (þúsundir)



Ágæt þróun hefur átt sér stað á síðustu árum varðandi komur skemmtiferðaskipa, en þó svo að árin 2015 og 2016 hafi skipakomum örlítið fækkað þá hefur farþegum fjölgað. Útlit er hins vegar fyrir mikla fjölgun á komum skemmtiferðaskipa á árinu 2017 og samsvarandi fjölgun farþega. Svo virðist sem þessi þróun haldi áfram.

Í lok árs 2016 voru 66 fastráðnir starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf. Að teknu tilliti til sumarafleysinga og sumarstarfa í Bækistöð eru ársstörf innan fyrirtækisins um 77.

Ástæða er til að færa starfsfólki Faxaflóahafna sf. þakkir fyrir vel unnin störf og hlutdeild þeirra í ágætum árangri árið 2016.

Störf	2013	2014	2015	2016
Hafnarþjónusta	32	32	32	31
Bækistöð	13	13	13	12
Tæknideild	3	3	3	3
Skrifstofa	12	13	12	13
Húseignir	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	1	1	5	5
Alls	63	64	67	66

Að auki um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 2-3 til afleysinga í hafnarþjónustu yfir sumarmánuðina.



Ýmis atriði

Hér á eftir fer upptalning nokkurra atriða sem unnið var að á árinu 2016:

- ▶ Á árinu var unnið að undirbúningi viðburða í tengslum við þau tímamót að á árinu 2017 eru 100 ár liðin frá verklokum við Gömlu höfnina árið 1917. Ætlunin er að minnast þeirra tímamóta með ýmsum hætti árið 2017.
- ▶ Samþykkt var að efna til samkeppni um listaverk í Gömlu höfninni til að minnast atvinnuþátttöku kvenna við höfnina. Samkeppni þar að lútandi skilar niðurstöðum á seinni hluta árs 2017.
- ▶ Hafin er vinna við eigendastefnu Faxaflóahafna sf. þar sem fram verða dregin meginmarkmið í starfsemi fyrirtækisins, skyldur þess og fjárhagsleg viðmið
- ▶ Faxaflóahafnir sf. eru stærsti hluthafi í Eignarhaldsfélaginu Speli ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Ljóst er að Spölur mun ljúka verkefni sínu að greiða upp kostnað við gerð Hvalfjarðarganga á árinu 2018. Þar með lýkur þátttöku Faxaflóahafna sf. í því verkefni, en umræða er um nauðsyn þess að endurbæta veginn um Kjalarnes og gerð nýrra ganga þannig að öryggi vegfarenda sé sem best tryggt.
- ▶ Hafnarhúsið í Reykjavík, sem byggt var á árunum 1934-1938, þarfnast endurbóta, en viðbygging sem byggð var á húsið upp úr 1960 hefur ekki staðist tímans tönn. Mygla er í þeim hluta hússins og ljóst að kostnaðarsamar endurbætur eru framundan. Verið er að skoða hvaða lausnir eru fyrir hendi.





Niðurlag

Rekstur Faxaflóahafna sf. var vel viðunandi á árinu 2016. Tekjur voru umfram áætlun, rekstrargjöld innan áætlunar og úthlutun lóða skilaði hærrí tekjum en ráðgert var. Fjárhagsstaða fyrirtækisins hefur því styrkst á árinu. Hafa verður þó í huga að efnahagur fyrirtækisins hefur sín takmörk og stór verkefni standa yfir og eru framundan á hafnarsvæðunum og því mun reyna á fjárhagslegan styrk. Áhyggjuefni er að í Reykjavík hefur nánast öllum lóðum verið úthlutað, en það verkefni er hafið að skipuleggja baksvæði hafnar utan Klepps. Það svæði verður þó ekki tilbúið til afnota fyrr en framkvæmdum við nýjan Kleppsbakka er lokið árið 2019. Miklu skiptir fyrir líftíma Sundahafnar næstu áratugi að vel takist til með ráðstöfun lands þar og þær aðgerðir sem nýti land betur til lengri tíma. Í Gömlu höfninni er hafinn undirbúningur að bættari aðstöðu fyrir hafsækna ferðapjónustu og á Grundartanga eru viðvarandi verkefni til að styrkja aðstöðuna þar þannig að hún geti tekið á móti aukinni atvinnustarfsemi, sem hafi lágmarks umhverfisáhrif. Þá eru viðhalds- og endurnýjunarverkefni í Akraneshöfn, sem vonandi leiða til aukinnar skipaumferðar um höfnina. Eitt meginverkefni Faxaflóahafna sf. næstu ár verður að vinna að umhverfismálum og þá einkum loftslagsmálum, en endurnýjun rafdreifikerfa á að draga úr útblæstri skipa í höfninni. Í því efni er einnig þörf átaks fyrirtækja. Taka verður þó fram að sjávarútvegsfyrirtækin í Gömlu höfninni hafa sýnt málinu góðan skilning með aðgerðum. Í þessum efnunum verður einnig að kalla eftir aðkomu ríkisins ef vilji er til þess að landtengja þau stærstu skip sem koma til hafnar á Íslandi.

Þrátt fyrir allt eru vöruflutningar með skipum hagkvæmur kostur ef litið er til umhverfismála, en vissulega má með breyttri notkun á eldsneyti og auknum landtenginum ná árangri í loftslagsmálum bæði hvað varðar losun á koltvísýringi og brennisteinssamböndum. Með samstilltu átaki er leiðin til árangurs greið.

Það er viðvarandi verkefni að minna á mikilvægi hafnarstarfseminnar fyrir eigendur Faxaflóahafna sf. Starfsemi er plássfrok og áberandi í umhverfinu, en hún er jafnframt lífsnauðsyn eyjasamfélagi og uppspretta atvinnu- og athafnalífs. Gott bakland hafna og greiðar samgöngur til og frá hafnarsvæðum eru lykilatriði og því mikilvægt að skipulag taki mið af starfsemi, ef hún á að geta þróast á hagkvæman hátt um lengri framtíð. Við stofnun Faxaflóahafna sf. settu eigendur sér metnaðarfull markmið, sem almennt hafa gengið eftir, en ekki er síður mikilvægt að hugsa málin til lengri framtíðar og nýta styrk Faxaflóahafna sf. til þess að tryggja örugga og öfluga starfsemi hafnarsvæða fyrirtækisins.


Reykjavík, 8. apríl 2017

Dagur B. Eggertsson
formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.
Gísli Gíslason,
hafnarstjóri.



Reykjavíkurhöfn

Landgerð 1900–2030



Skýringar

Mörk hafnarsvæða



Strandlína 1900



Upprunalegt land



Landfylling til 2016



Væntanleg landfylling





Upprunalegt land: 79,2 ha

Fylling til 2016 156,8 ha

Framtíðarfylling: 12,8 ha

Alls: 248,2 ha







Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf árið 2016 (í tonnum)

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Innflutningur							
Olía	365.080	374.154	342.297	372.666	352.874	392.002	351.099
Vörur til stóriðju	1.042.311	1.110.674	1.092.338	1.200.988	1.131.419	1.211.051	1.240.403
Bírfreiðar	5.598	9.885	14.832	15.404	20.633	31.470	42.003
Byggingavörur	67.305	69.394	69.928	71.358	79.489	89.768	101.273
Laust korn	57.855	74.569	75.107	72.320	82.571	53.821	92.979
Ýmsar vörur	396.341	463.669	465.674	468.456	545.193	619.688	630.091
	1.934.491	2.102.346	2.060.176	2.201.191	2.212.179	2.397.800	2.457.848
Útflutningur							
Vörur frá stóriðju	363.403	350.453	459.066	429.626	443.033	395.469	459.730
Sjávarafurðir	261.690	252.186	272.549	270.284	262.256	265.922	292.450
Ýmsar vörur	99.164	183.802	170.030	121.056	171.274	180.353	202.700
	724.257	786.441	901.645	820.965	876.563	841.744	954.880
Strandflutningar							
Frá höfn	123.131	95.734	15.254	46.255	34.157	43.562	33.860
Til hafnar	0	0	0	4.920	22.323	22.592	16.931
	123.131	95.734	15.254	51.176	56.480	66.154	50.791
Milli- og framhaldsflutningar	34.938	36.116	51.711	79.055	80.219	50.073	49.258
Alls:	2.816.816	3.020.637	3.028.786	3.152.388	3.225.441	3.355.771	3.512.777
Dæld steinefni	204.000	203.000	116.780	209.950	266.000	275.961	187.940
Landaður afli	135.355	149.087	155.493	139.932	153.128	146.618	112.361
Alls:	3.156.171	3.372.729	3.301.059	3.502.270	3.644.569	3.778.350	3.813.078

Innflutningur um hafnir Faxaflóahafna (í þúsundum tonna)



Skipting innflutnings um hafnir Faxaflóahafna



Fjöldi skipa um hafnir Faxaflóahafna

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Flutningaskip	421	424	447	503	486	489	526
Fiskiskip	754	742	685	634	626	608	595
Tankskip	135	125	128	141	116	123	113
Farpegaskip	74	67	81	80	91	108	114
Rannsóknar- og varðskip	85	72	92	70	56	80	96
Önnur skip	46	23	36	44	32	38	58
Samtals	1.515	1.453	1.469	1.472	1.407	1.446	1.502


Gámaflutningar í gámaeiningum (TEU) árið 2016

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Til hafnar							
Hlaðnir	77.489	82.833	89.207	92.582	102.537	110.890	129.118
Tómir	19.019	19.620	22.699	31.589	29.632	27.006	25.965
	96.508	102.453	111.906	124.171	132.169	137.896	155.083
Frá höfn							
Hlaðnir	60.665	61.213	63.848	66.781	72.025	72.108	76.864
Tómir	35.605	36.184	44.764	50.905	57.538	67.625	76.119
	96.270	97.397	108.612	117.686	129.563	139.733	152.983
Samtals							
Hlaðnir	138.154	144.046	153.055	159.363	174.562	182.998	205.982
Tómir	54.624	55.804	67.463	82.494	87.170	94.631	102.084
	192.778	199.850	220.518	241.857	261.732	277.629	308.066


Heildarfjöldi farþega og ferðatíðni skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Pýzkaland	25.564	22.378	35.039	31.140	36.429	33.968	30.488
USA	10.917	10.695	14.400	15.337	18.425	18.443	21.243
England	13.859	13.536	22.754	28.944	26.265	20.766	19.893
Frakkland	3.354	2.963	3.031	853	1.120	1.899	2.298
Holland	1.383	819	1.196	941	1.333	3.175	2.481
Rússland	264	257	330	215	388	373	203
Kanada	1.271	1.997	2.424	2.833	3.566	2.922	3.299
Sviss	931	1.315	1.608	1.290	1.571	2.322	2.222
Austurríki	965	1.127	1.389	1.191	1.424	1.424	1.424
Belgía	612	627	463	828	1.114	770	1.115
Noregur	68	102	209	280	787	651	394
Ástralía	625	1.041	2.468	1.693	2.876	4.254	2.655
Ítalía	2.192	1.270	1.093	823	1.626	1.801	1.652
Spánn	4.682	345	624	995	1.031	1.174	936
Svíþjóð	765	391	117	195	562	192	205
Önnur Lönd	2.681	3.810	4.809	4.854	6.299	6.007	8.168
Samtals	70.133	62.673	91.954	92.412	104.816	100.141	98.676
Ferðir	74	67	81	80	91	108	114
Meðaltal	948	935	1.135	1.155	1.152	927	873

Landaður afli í Reykjavík 2015 og 2016 (tonn)



Landaður afli á Akranesi 2015 og 2016 (tonn)





Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Ársreikningur Faxaflóahafna sf. 2016



Skýrsla og áritun hafnarstjórnar og hafnarstjóra

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins um 742,8 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 13.028 millj. kr., en nam um 12.595 millj. kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins mun á aðalfundi gera tillögu um arðgreiðslu til eigenda en að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári


Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 77 og launagreiðslur félagsins námu um 711 millj.kr. á árinu.

Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:


Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.


Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2016 með undirritun sinni.




Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*




Dagur B. Eggertsson




Líf Magneudóttir




Elsa Yeoman




Þórlaug Ágústsdóttir




Marta Guðjónsdóttir



Ólafur Adolfsson



Magnús Smári Snorrason



Björgvin Helgason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Faxaflóahafna sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Faxaflóahafna sf. („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- ▶ Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- ▶ Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- ▶ Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- ▶ Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja



sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- ▶ Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 10. mars 2017

KPMG ehf.

Arni Claessen

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr	2016	Fjárhagsáætlun 2016	2015
Rekstrartekjur				
Vörugjöld		1.286.440	1.159.600	1.107.693
Aflagjöld		228.072	250.000	253.204
Skipagjöld		305.395	309.320	291.146
Eignatekjur		828.437	813.345	797.369
Hafnarþjónusta		452.465	462.935	453.615
Siglingavernd		307.392	265.200	258.242
Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur		1.341	0	6.776
		3.409.542	3.260.400	3.168.044
Rekstrargjöld				
Hafnarvirki		504.891	497.207	488.541
Eignagjöld		412.552	460.429	334.106
Hafnarþjónusta		453.437	459.629	439.280
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		340.084	335.261	303.441
Siglingavernd		229.988	262.856	222.065
Afskriftir	10	764.238	830.000	761.260
		2.705.191	2.845.382	2.548.694
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		704.351	415.018	619.350
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur, verðbætur og arður		95.356	92.926	62.929
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(56.920)	(86.253)	(64.605)
		38.436	6.673	(1.676)
Óreglulegir liðir				
Hagnaður vegna sölu á landi	18	0	0	346.292
Hagnaður ársins	15	742.788	421.691	963.966

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr	2016	2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		2.889.196	3.229.246
Hafnir og mannvirki		7.479.744	6.563.543
Gatnakerfi		930.637	1.001.083
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		215.350	230.987
	4,10	11.514.927	11.024.859
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	5,12	179.437	177.630
Langtímakröfur	6,13	696.310	577.540
		875.747	755.170
Fastafjármunir samtals		12.390.673	11.780.029
Fastafjármunir			
Næsta árs afborgun langtímakrafna	13	250.926	193.009
Viðskiptakröfur	7	297.841	222.369
Aðrar kröfur		12.935	11.502
Handbært fé		1.428.275	1.735.023
Veltufjármunir samtals		1.989.978	2.161.903
Eignir samtals		14.380.652	13.941.932
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	15	13.027.750	12.594.962
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	16	794.826	881.565
Eigið fé			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	96.106	96.364
Viðskiptaskuldir		352.446	251.405
Ýmsar skammtímaskuldir		109.525	117.637
Skammtímaskuldir samtals		558.076	465.405
Skuldir samtals		1.352.902	1.346.970
Skuldir og eigið fé samtals		14.380.652	13.941.932

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016

	Skýr	2016	Fjárhagsáætlun 2016	2015
Handbært fé frá rekstri				
Hagnaður ársins		742.788	421.691	963.966
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(831)	0	(350.062)
Afskriftir	10	764.238	830.000	761.260
Verðbætur langtímalána		20.199	0	24.587
Verðbætur hlutafjareignar		(1.057)	0	(987)
Verðbætur langtímakrafna		(15.406)	9.988	(16.132)
Veltufé frá rekstri		1.509.931	1.261.679	1.382.632
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun		(76.906)	0	85.912
Skammtímaskuldir, hækkun		92.929	0	67.946
Skammtímaskuldir, hækkun		16.023	0	153.858
Handbært fé frá rekstri		1.525.954	1.261.679	1.536.490
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(1.934.802)	(2.105.000)	(931.837)
Sala varanlegra rekstrarfjármuna		2.853	0	350.717
Fjárfesting í öðrum félögum		(750)	0	0
Lóðasala (lóðaúthlutun)		678.474	487.795	498.537
Veitt skuldabréfalán		(378.398)	(290.246)	(290.246)
Afborganir langtímakrafna		217.118	233.544	386.014
Fjárfestingarhreyfingar		(1.415.505)	(1.673.907)	(312.781)
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiddar afborganir langtímalána	0	(107.196)	(103.267)	(158.108)
Greiddur arður	15	(310.000)	(173.000)	(173.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(417.196)	(276.267)	(331.108)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(306.747)	(688.495)	(892.602)
Handbært fé í ársbyrjun		1.735.023	1.735.023	842.421
Handbært fé í árslok		1.428.275	1.046.528	1.735.023



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Grænt bókhald
Faxaflóahafna sf.
2016



Yfirlýsing stjórnar

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2016.

Reykjavík, 17. maí 2017

Dagur B. Eggertsson, formaður

Líf Magneudóttir

S. Björn Blöndal

Pórlaug Ágústsdóttir

Halldór Halldórsson

Ólafur Adólfsson

Magnús Smári Snorrason

Björgvin Helgason



Inngangur

Faxaflóahafnir leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfsemi og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfismálum. Umhverfisstefna Faxaflóahafna er birt á heimsíðu.

Faxaflóahafnir þekkja, vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum og birta upplýsingar um árangurinn í grænu bókhaldi. Þessir þættir geta haft neikvæð og jákvæð áhrif á umhverfið. Faxaflóahafnir birta þessar upplýsingar m.a. til að auka umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila.

Grænt bókhald inniheldur lykiltölur sem eiga við um átta mikilvæga umhverfisþætti í starfsemi. Niðurstöður ársins 2016 eru bornar saman við árið 2015 til að meta árangur sem náðst hefur milli ára auk þess sem niðurstöður síðustu fimm ára má sjá á myndum.

Þeir umhverfisþættir sem voru vaktaðir árið 2016 eru:

- ▶ Raforka (notkun og sala)
- ▶ Heitt og kalt vatn (notkun og sala)
- ▶ Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

- ▶ Pappírnotkun á hvern starfsmann
- ▶ Úrgangur og spilliefni, bæði frá starfsemi Faxaflóahafna og annarrar starfsemi á hafnarsvæðinu ásamt úrgangi frá skipum
- ▶ Mengunaróhöpp sem eru tilkynningarskyld
- ▶ Dýpkun hafna og ráðstöfun dýpkunarefna
- ▶ Landfyllingar á hafnarsvæðum

Faxaflóahafnir vakta einnig mánaðarlega magn saurgerla í sjó á alls tíu stöðum á hafnarsvæði Faxaflóahafna.

Á árinu 2016 var unnið að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt staðlinum ISO 14001 og stefnt að því að kerfið öðlist vottun á árinu 2017.

Það er einlægur vilji hafnastjórnar að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgst sé með frammistöðu í þeim málum.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Faxaflóahafnir er sameignarfyrirtæki sem stofnað var árið 2004. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2005 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi.

Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan rekur dráttar-báta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsögupjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnar-mannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Í gegnum tíðina hefur verið unnið að landfyllingum í Reykjavík sem hafa skapað aukið landrými á athafnasvæði fyrirtækisins. Til þessara landfyllinga hefur verið nýtt það jarðefni sem fellur til við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Landfyllingar hafa einnig átt sér stað á Grundartanga og má ætla að umfang þeirra muni vaxa á komandi árum. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Til viðbótar er rekið áhaldahús sem auk þess annast rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.



Í töflu 1 eru teknar saman almennar upplýsingar um fyrirtækið fyrir árin 2015 og 2016. Landstærðir á Grundartanga hafa verið endurreiknaðar og flatarmál vatna verið dregið frá og landstærðin því reikningslega minnkað. Farpegaskipum fjölgaði og gámaflutingar jukust á milli ára.

Tafla 1. **Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir árin 2015 og 2016**

		2015	2016
Starfsmenn Faxaflóahafna	ársverk	72	77
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna	fjöldi	22	22
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna	fjöldi	4	4
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta			
Gamla höfnin	ha / m	62 / 3.674	62 / 3.670
Sundahöfn	ha / m	166 / 2.501	166 / 2.551
Ártúnshöfði, Eiðsvík og Gufunes	ha / m	8 / 102	8 / 102
Grundartangi	ha / m	700 / 760	654 / 760
Akranes	ha / m	- / 1.284	- / 1.176
Borgarnes	ha / m	- / 61	- / 61
Hafnarland og viðlegukantar alls	ha / m	936 / 8.280	890 / 8.320
Lóðir í eigu Faxaflóahafna	ha	322	329
Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota			
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m ²	1.672	1.672
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m ²	4.127	4.127
Bækistöð, Gamla höfnin	m ²	1.243	1.243
Vigtarhús, Gamla höfnin	m ²	93	93
Vigtarhús, Akranes	m ²	32	32
Hafnarhúsið Akranesi	m ²	211	211
Þjónustuhús Skarfabakka	m ²	360	360
Húsnæði alls	m ²	7.738	7.738
Skipakomur (yfir 100 tonn)			
Skemmtiferðaskip og fjöldi farpega	fjöldi	108 / 100.141	114 / 98.676
Önnur skip	fjöldi	1.338	1.388
Flutningar	tonn / TEU	3.723.819 / 277.629	3.700.717 / 308.066

Lykiltölur í grænu bókhaldi

RAFORKA – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að nýta sem best raforku í byggingum. Auk þess er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs til að koma í veg fyrir að olía sé notuð til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.

Heildarraforkunotkunin (notkun og sala) jókst um 12% milli áruna 2015 og 2016. Bæði var aukning á sölu rafmagns til skipa og báta og í notkun rafmagns í húsnæði Faxaflóahafna. Tafla 2 og mynd 1 sýna raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta.

Raforkunotkunin árið 2016 var á bilinu 63-91 kWst á fermetra í þeim þremur byggingum sem voru skoðaðar, mest í hafnarhúsinu á Akranesi. Raforkunotkunin jókst í öllum tilvikum en mest í hafnarhúsinu á Akranesi (83%).. bækkistöð við gömlu höfnina (11%) og í skrifstofuhúsnæðinu í Tryggvagötu (5%). Á neðri hæð hafnarhússins á Akranesi er verkstæðisaðstaða þar sem nýting er breytileg frá ári til árs.


Tekið skal fram að Faxaflóahafnir leigja út u.þ.b. 70% af eigin húsnæði í Tryggvagötu til annarra og einungis er einn rafmagnsmælir fyrir allt húsnæðið. Því er aðeins hægt að áætla notkun Faxaflóahafna út frá fermetrafjölda sem er í notkun Faxaflóahafna.

Tafla 2. Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sala raforku til skipa og báta árin 2015 og 2016

	2015	2016	2015	2016
	kWst	kWst	kWst / m2	kWst / m2
Raforkunotkun í byggingum				
Bækkistöð, gamla höfnin	97.674	108.771	79	88
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	326.914	366.595	56	63
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	94.258	105.699	56	63
Hafnarhús á Akranesi	10.488	19.209	-	-
Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna	435.076	494.575	-	-
Heildarraforkunotkun í byggingum sem nýtt er af Faxaflóahöfnum	202.420	233.679	-	-
Rafdreifkerfi (rafmagn selt til skipa og báta)	4.322.044	4.845.065	-	-

*áætluð notkun

Raforka - sala og notkun



Mynd 1. Rafmagnssala til skipa og báta og raforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna árin 2012 til 2016

Sala rafmagns til skipa og báta jókst um 12% milli áruna 2015 og 2016 samanber mynd 1. Notkun rafmagns í húsnæði Faxaflóahafna jókst um 14% milli áruna.

Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og við sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.

Notkun á heitu vatni

Heildar notkun á heitu vatni í húsnæði Faxaflóahafna stóð nánast í stað milli árunna 2015 og 2016. Notkun á heitu vatni í húsnæði Faxaflóahafna í Tryggvagötu er áætlað út frá fermetrafjöldi.

Tafla 3 og myndir 2 og 3 sýna heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna, bæði í rúmmetrum og í rúmmetrum á hvern rúmmetra húsnæðis.

Heildarnotkun á heitu vatni stóð í stað milli ára. Notkunin jókst í skrifstofuhúsnæðinu í Tryggvagötu um 7% og stóð í stað í bækistöðinni við gömlu höfnina. Notkunin minnkaði í vigtarhúsinu á Akranesi um 62%, í vigtarhúsinu við gömlu höfnina um 48% og í hafnarhúsinu á Akranesi um 6%. Notkunin á þessum stöðum er mjög háð þeirri starfsemi sem þar fer fram hverju sinni.

Á vef Orkuveitu Reykjavíkur (www.or.is) má finna upplýsingar um meðal notkun hitaveituvatns og leiðir til þess að draga úr notkun. Stærð húsnæðis, aldur þess og tegund starfsemi sem þar fer fram hefur mikil áhrif á orkunotkunina. Í töflu 4 eru gefin upp viðmiðunargildi fyrir notkun hitaveituvatns í rúmmetrum miðað við rúmmál húsnæðis. Lægra gildið á við um vel einangrað hús með vel stilltu hitakerfi. Hærra gildið samsvarar eðlilegri notkun í húsi í þökkalegu ástandi. Viðmiðin eru fengin frá Orkuveitu Reykjavíkur og byggja á reynslutölum úr húsnæði þar sem unnið hefur verið að orkusparnaðaraðgerðum og að bættri hitamenningu.

Notkunarstuðull fyrir heitt vatn í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (1,1 m³/m³) sem er eins og áður aðeins yfir viðmiðunargildum Orkuveitu Reykjavíkur (0,5-0,8 m³/m³). Mestur hluti þess vatns sem notaður er í húsnæðinu fer til upphitunar húsnæðis. Snjóbræðsla er ekki hluti af þessari notkun.

Heitavatnsnotkun á hvern rúmmetra fyrir aðrar byggingar Faxaflóahafna eru mjög breytileg allt frá 0,9 m³/m³ í hafnarhúsinu á Akranesi upp 4,12 m³/m³ í vigtarhúsinu við gömlu höfnina.

Sé notkunin fyrir árið 2016 borin saman við viðmið Orkuveitu Reykjavíkur fyrir iðnaðarhúsnæði sést að hafnarhúsið á Akranesi, vigtarhúsið á Akranesi og bækistöðin við gömlu höfnina er á svipuðu róli og viðmiðunargildi fyrir iðnaðarhúsnæði. Vigtarhús við gömlu höfnina er með nokkuð hærra notkun en viðmiðunargildi Orkuveitunnar.

Þess ber að geta að heitt vatn sem notað er í vigtarhúsi í gömlu höfninni í Reykjavík, fer að talsverðu leyti til snjóbræðslu umhverfis húsið.

Notkun á köldu vatni

Faxaflóahafnir selja kalt vatn til báta og skipa auk þess að nota það í starfsemi sinni. Nokkuð er um óútskýrða notkun sem tengist að mestu leyti nauðsynlegu sírennsli á vatnslögnum yfir vetrartímamann í eldri lögnum í gömlu höfninni í Reykjavík og á Akranesi til þess að koma í veg fyrir frostsKemmdir á lagnakerfinu. Einnig er mikil vatnsnotkun við löndunarbakka smábáta sem ekki er tekjufærð. Reynt er að draga úr þessari vatnsnotkun með úrbótaverkefnum.

Tafla 5 sýnir innkaup, sölu og útskýrða notkun á köldu vatni hjá Faxaflóahöfnum. Með útskýrðri notkun er átt við það hlutfall af innkeyptu magni sem er annaðhvort selt í skip og báta eða notað í húsnæði Faxaflóahafna. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með hvort vatnsleki eigi sér stað frá lögnum.

Innkaup á köldu vatni á bryggjur jukust um 12% milli ára samanber töflu 5 og mynd 4. Hlutfall af seldu vatni var um 36% af innkeyptu magni vatns árið 2016. Einnig hefur verið unnið að því að draga úr vatnsnotkun á löndunarbyggjunni á Akranesi og auka efrlil m.a. með uppsetningu fjarmælis.

Á vatnsveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur meðalnotkunin á köldu vatni á íbúa verið um 80 m³ á ári í nokkur ár, sem þýðir að óútskýrður hluti vatns árið 2016 var á við árlega kaldavatnsnotkun um 1.800 íbúa.

Tafla 6 sýnir kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna, þ.e. heildarnotkun í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (skrifstofa Faxaflóahafna og leigjendur), áætlaða notkun fyrir skrifstofu Faxaflóahafna í Tryggvagötu og mælda notkun í hafnarhúsinu á Akranesi og í bækistöð við gömlu höfnina.

Heildarnotkun á köldu vatni jókst um 3% í húsnæði Faxaflóahafna milli árunna 2015 og 2016. Mesta notkunin var í húsnæði Faxaflóahafna í Tryggvagötu, sem jókst um 3% milli árunna. Notkunin jókst um 7% í bækistöð við gömlu höfnina og lækkaði um 27% í hafnarhúsinu á Akranesi, milli ára, sbr. mynd 5

Tafla 3. Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árin 2015 og 2016

	2015	2016	2015	2016
	m ³	m ³	m ³ / m ³	m ³ / m ³
Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	21.745	23.271	1,0	1,1
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	6.271	6.710	1,0	1,1
Bækistöð, gamla höfnin	7.936	7.961	1,1	1,1
Vigtarhús, gamla höfnin	2.361	1.239	7,8	4,1
Vigtarhús, Akranes	391	150	3,1	1,2
Hafnarhúsið Akranesi	719	679	1,0	0,9

*áætluð notkun


Tafla 4. Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis

Tegund húsnæðis	m ³ / m ³
Verslunarhúsnæði	6.271
Skrifstofuhúsnæði	7.936
Iðnaðarhúsnæði	2.361
Lagerhúsnæði	391

Tafla 5. Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun árin 2015 og 2016


Tegund húsnæðis	2015	2016
	m ³	m ³
Kalt vatn, innkaup fyrir bryggjur	188.948	223.859
Kalt vatn, sala í skip og báta	71.743	80.165
Hlutfall af seldu vatni	38%	36%

Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna



Mynd 2. Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum árin 2012 til 2016

Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna




Mynd 3. Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum árið 2012 til 2016

Tafla 6. Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árin 2015 og 2016


	2015	2016	2015	2016
	m ³	m ³	m ³ / m ³	m ³ / m ³
Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	2.710	2.802	0,5	0,5
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	781	808	0,5	0,5
Hafnarhúsið Akranesi	61	45	0,3	0,2
Bækistöð, gamla höfnin	321	343	0,3	0,3

Kalt vatn- innkaup og sala



Mynd 4. Innkaup og sala á köldu vatni árin 2012 til 2016

Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna



Mynd 5. Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum árin 2012 til 2016



ELDSNEYTISNOTKUN

Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en dísilolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

Hjá Faxaflóahöfnum eru notaðar þrjár eldsneytistegundir (skipaolía, dísilolía (ólítuð og lítuð) og bensín). Aðalnotkun eldsneytis er á þá fjóra báta sem eru í eigu Faxaflóahafna. Notkun skipaolíu dróst saman um 10% milli árunna 2015 og 2016. Bensín og dísilolía voru notuð á 22 ökutæki í eigu Faxaflóahafna. Notkun dísilolíu minnkaði um 13% milli árunna 2015 og 2016 en notkun bensíns jókst um 26% á sama

tímabili. Einn rafmagnsbíll var í notkun hjá Faxaflóahöfnum. Alls var bifreiðum Faxaflóahafna ekið um 321 þúsund km á árinu 2016 í stað 339 þúsund km árið á undan sem er 5% samdráttur í akstri. Unnið hefur verið að endurnýjun bílaflotans með sparneytnari bílum. Alls varð því 9% samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri bifreiða milli ára.


Tafla 7 og mynd 6 sýna eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árin 2012 til 2016. Grófllega má áætla að tæplega 20% losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Faxaflóahafna megi rekja til reksturs bifreiða og rúmlega 80% til reksturs báta.

Árið 2016 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda um 549 tonn CO₂ ígildi sem er lækkun um 10% milli ára. Til að kolefnisjafna þessa losun þyrfti að gróðursetja 5.155 tré miðað við að það taki gróður 90 ár að binda 330 tonn CO₂/ha (www.kolvidur.is)

Tafla 7. Eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árin 2015 og 2016

	2015	2016	2015	2016
	L	L	kg CO ₂ ígildi	kg CO ₂ ígildi
Heildarnotkun skipaolíu	188.183	169.376	0,5	0,5
Heildarnotkun dísil (lítuð og ólítuð)	36.304	31.380	0,3	0,2
Heildarnotkun bensín	3.875	4.888	0,3	0,3
Alls			610.470	549.229
Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélatíma aðalvélar	75,6	79,0		
Meðaltalseyðsla dísil pr. 100 km	12,6	11,8		
Meðaltalseyðsla bensín pr. 100 km	8,5	7,9		
Kolefnisbinding: fjöldi trjáa stk.	-	-	5.728	5.155

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda



Mynd 6. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda (kg CO₂ ígildi) vegna brennslu eldsneytis árin 2012 til 2016




PAPPÍRSNOTKUN

Lykiltalan á við um notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkunina þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírsins.

Haldið er utan um notkun á A4 skrifstofupappír. Árið 2016 voru notuð um 90 þúsund A4 blöð á skrifstofunni í Tryggvagötu, sbr. töflu 8. Þetta magn samsvarar til um 450 kg af pappír eða 5,8 kg á starfsmann (miðað við heildarfjölda starfsmanna Faxafloahafna), sem er lækkun um 11% miðað við árið 2015 (mynd 7).

Notkun skrifstofupappírs



Mynd 7. Notkun skrifstofupappírs árin 2012 til 2016

Tafla 8. Notkun skrifstofupappírs árin 2015 og 2016

	2015	2016	2015	2016	2015	2016
	Fjöldi	Fjöldi	kg	kg	kg / starfsmann	kg / starfsmann
Skrifstofupappír (A4 blöð)	95.000	95.000	475	450	450	450



ALMENNUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á ábyrgan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi og sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að safnað sé inn frá. Faxaflóahafnir hafa jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunaráttaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir eykst.

Almennur úrgangur – frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu.

Í skrifstofuhúsnæði Faxaflóahafna í Tryggvagötu starfa aðilar með mismunandi starfsemi, m.a. Listasafn Reykjavíkur og Velferðarráðuneytið. Í töflu 9 og á mynd 8 má sjá myndun úrgangs fyrir alla aðila í húsinu árin 2012 til 2016. Erfitt er að áætla út frá þessum tölum magn úrgangs frá skrifstofu Faxaflóahafna, þar sem magn úrgangs er ekki sérstaklega vaktað fyrir þá starfsemi.

Í húsnæðinu er úrgangur flokkaður í þrjá úrgangsflokka, þ.e. pappír, bylgjupappa og blandaðan úrgang. Pappír og bylgjupappi eru send í endurvinnslu meðan blönduðum úrgangi er fargað. Alls mynduðust rúmlega 15.000 kg af úrgangi árið 2016 sem er hækkan um 21% milli ára. Úrgangur til endurvinnslu var 37% heildarúrgangs og úrgangur til förgunar var 63%. Verið er að vinna að aukinni flokkun úrgangs með það í huga að auka endurvinnsluhlutfalið enn frekar.

Almennur úrgangur – þjónusta við smábátæigendur

Faxaflóahafnir sjá um að safna saman úrgangi sem myndast hjá einstaklingum og fyrirtækjum á hafnarsvæði Faxaflóahafna sbr. mynd 9 og töflu 10. Heildarmagn úrgangs frá Reykjavík, Grundartanga og Akranesi jókst um tæplega 5% milli árána 2015 og 2016. Eins og áður féll mestur úrgangur til á hafnarsvæðum í Reykjavík (85%).

Á hafnarsvæðum í Reykjavík fór 31% úrgangs til endurvinnslu sem er svipað og árið 2015. Á Grundartanga og Akranesi, er aðallega um að ræða úrgang frá skipum sem mestmegnis fór í urðun.

Úrgangur – móttækinn og nýttur hjá Faxaflóahöfnum

Ýmsar tegundir efna sem teljast til úrgangstegunda hjá einum aðila eru fyrirmyndar hráefni hjá öðrum. Dæmi um þetta eru slitnir hjólbarðar og fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum. Faxaflóahafnir taka á móti töluverðu magni af hjólbörðum á hverju ári sem notaðir eru í þybbur á bryggjur.

Tekið var á móti 1.892 stk. af hjólbörðum árið 2016 sem notaðir voru í þybbur.

Faxaflóahafnir hafa á undanförunum árum tekið á móti töluverðu magni af fyllingarefnum og jarðvegi frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og á Grundartanga og nýtt sem fyllingarefni m.a. í hafnarframkvæmdir. Árið 2016 var tekið á móti 16.200 m³ vegna framkvæmda á Grundartangarsvæðinu. Auk þess 19.500 m³ af fyllingarefni frá stóriðju í flæðigryfjur á Grundartanga.


Faxaflóahöfnum ber skylda til að útvega móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og tryggja að meðhöndlun úrgangs í móttökustöð sé í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum. Faxaflóahafnir þurfa að halda utan um magn úrgangs frá skipum sem nýta hafnaraðstöðu þeirra. Utanaðkomandi verktakar, eða Faxaflóahafnir sjá um losun sem útgerð greiðir fyrir. Í töflu 12 má sjá heildaryfirlit yfir úrgang og spilliefni frá skipum sem fluttur var frá borði á mismunandi hafnarsvæðum. Um 90% úrgangsins kemur í land á hafnarsvæðum Reykjavíkur.

Spilliefni

Faxaflóahafnir bjóða upp á aðstöðu fyrir viðskiptavinum hafnanna til þess að skila inn spilliefnum og hafa þannig jákvæð áhrif á umhverfið. Þetta er gert með því að staðsetja tanka fyrir úrgangsolíu og önnur spilliefni á hafnarsvæðum fyrir smábátæigendur en þeir eru staðsettir á tveimur stöðum í Reykjavíkurböfn og einum stað á Akranesi.

Árið 2016 söfnuðust rúmlega 8.200 l af úrgangsolíu á hafnarsvæðum í Reykjavík, sem er mun meira magn en safnaðist árið á undan sbr. töflu 13 og mynd 10. Um 1.200 kg af öðrum spilliefnum söfnuðust við Reykjavíkurböfn árið 2016 sem er aðeins minna magn en árið á undan.

Almennur úrgangur allra aðila í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu



Mynd 8. Almennur úrgangur allra aðila í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árin 2012 til 2016

Tafla 9. Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árin 2015 og 2016

		2015		2016	
Úrgangstegundir	Meðhöndlun	kg		kg	
Gæðapappír, dagblöð og tímarit	Endurvinnsla	2.480		4.050	
Bylgjupappi	Endurvinnsla	1.317		1.566	
Blandaður úrgangur	Förgun	8.681		9.552	
Úrgangur alls	-	12.478		15.168	
Meðhöndlun					
		kg	%	kg	%
Úrgangur til förgunar		8.681	70	9.552	63
Úrgangur til endurvinnslu		3.797	30	5.616	37

Tafla 10. Úrgangur sem safnað var saman fyrir hafnarsvæði árin 2015 og 2016

		Reykjavík		Grundartangi		Akranes		Samtals	
		2015	2016	2015	2016	2015	2016	2015	2016
Úrgangstegundir	Meðhöndlun	kg	kg	kg	kg	kg	kg	kg	kg
Blandaður úrgangur	Förgun	20.531	16.266	11.740	13.620	14.350	8.070	46.621	37.956
Bylgjupappi	Endurvinnsla	6.750	8.040	-	-	-	-	6.750	8.040
Grófur úrgangur	Förgun	51.190	54.630	3.080	1.180	7.460	7.580	61.730	63.390
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	52.302	65.445	-	-			52.302	65.445
Málmar	Endurvinnsla	19.210	26.240	-	1.150	180	310	19.390	27.700
Gler og postulín	Förgun	-	-	-	-	-	-	-	-
Timbur	Endurvinnsla	9.690	8.250	-	-	-	-	9.690	8.250
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	22.820	17.450	-	1.780	-	-	22.820	19.230
WC úrgangur	Förgun	-	-	-	-	-	-	-	-
Garðaúrgangur	Endurvinnsla	1.760	1.800	-	-	-	-	1.760	1.800
Úrgangur alls	-	184.253	198.121	14.820	17.730	21.990	15.960	221.063	231.811
Meðhöndlun		%	%	%	%	%	%	%	%
Úrgangur til förgunar		67	69	100	83	99	98	73	72
Úrgangur til endurvinnslu		33	31	0	17	1	2	27	28

Tafla 11. Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árin 2015 og 2016

		2015	2016
Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Magn	Magn
Hjólbarðar	Endurvinnsla (þybbur)	1.640 stk	1.892 stk
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum	Endurvinnsla (fyllingarefni)	40.000 m ³	16.200 m ³
Efni í flæðigryfjur frá stjóriðju	Endurvinnsla (fyllingarefni)	17.700 m ³	19.500 m ³


Tafla 12. Úrgangur og spilliefni frá skipum, fluttur frá borði árið 2016

		Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
		2016	2016	2016	2016
Úrgangstegundir	Meðhöndlun	m ³	m ³	m ³	m ³
Blandaður úrgangur	Förgun	2.877	276	301	3.454
Matarúrgangur	Förgun	280	16	0,5	296
Plast	Endurvinnsla	483	35	0,5	519
Spilliefni		37	10	-	47
Kjölvatn		423	4,5	-	428
Úrgangsolía og olíumengaður sjór		1.567	49	-	1.616
Alls		5.667	391	302	6.359

Tafla 13. Úrgangsolía og önnur spilliefni safnað saman á hafnarsvæði árin 2015 og 2016


	2015	2016	2015	2016
	Úrgangsolía [L]	Úrgangsolía [L]	Önnur spilliefni [kg]	Önnur spilliefni [kg]
Reykjavíkurhöfn	5.200	8.289	1.487	1.204
Akraneshöfn	-	-	-	60
Grundartangahöfn, spilliefni	-	-	-	-
Spilliefni alls	5.200	8.289	1.487	1.264

Úrgangur frá hafnarsvæði (kg)



Mynd 9. Úrgangur sem safnað var saman fyrir hafnarsvæði árin 2012 til 2016

Spilliefni frá hafnarsvæðum



Mynd 10. Spilliefni frá hafnarsvæðum árin 2012 til 2016

MENGUNARÓHÖPP

Lykitalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 L ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.



Eitt mengunaróhapp var tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2016. Um var að ræða óhapp vegna olíuleka í sjó, sjá töflu 14.

Tafla 14. Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árin 2015 og 2016

Tilkynnt óhöpp á landi	1	0	0,006	0
Tilkynnt óhöpp á sjó	6	1	0	0,001
Mengunaróhöpp alls	6	1	0,006	0,001




DÝPKUN HAFNA

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun þeirra. Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

Efsta lag botnsets í höfnum getur innihaldið meira magn þungmálma og þrávirkra lífrænna efna (t.d. PAH og PCB) en það magn sem fyrir kemur í dýpri lögum. Þetta aukna magn má rekja til ýmissa aðgerða mannsins, bæði til aðgerða sem varða hafnarstarfsemi en ekki síst starfsemi sem er að öllu ótengd höfnum (s.s. bílaumferð, fráveitu o.s.frv.). Áður en dýpkunarefnum frá höfnum er ráðstafað eru gerðar ítarlegar mengunarmælingar á þeim og heppileg staðsetning fyrir losun þeirra er ávallt fundin í samráði við Umhverfisstofnun.

Fyrir liggur skráning á nýtingu á öllu dýpkunarefni Faxaflóahafna frá árinu 1985 til ársins 2016. Á þessu tímabili hefur tekist að nýta 75% af öllu dýpkunarefni til landgerðar.

Magn dýpkunarefnis



Mynd 11. Magn dýpkunarefnis sem nýtt var til landgerðar og varpað í hafið árin 2012 til 2016

Tafla 15 og mynd 11 sýna heildarmagn dýpkunarefnis sem nýtt var til landgerðar eða varpað í hafið árin 2015 og 2016. Árið 2016 var ekkert dýpkað á hafnarsvæðum Faxaflóahafna.

Tafla 15. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árin 2015 og 2016

	2015	2016
	m³	m³
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	2.800	0
Dýpkunarefni varpað í hafið	6.400	0
Dýpkunarefni varpað í hafið	9.200	0




LANDFYLLINGAR

Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

Hjá Faxaflóahöfnum er haldið utan um upplýsingar um landsvæði sem fer undir landfyllingar og tegundir og magn efna sem notað er til landfyllinga. Landstækkningar voru gerðar við Grundartanga samanber töflu 16 og mynd 12.

Notkun efnis frá dýpkunarframkvæmdum auk fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum er skilgreind sem endurvinnsla. Fyllingarefni frá útboðsverkum skilgreinast ýmist sem endurvinnsla eða notkun úr námum. Sá verktaki sem vinnur að umræddri framkvæmd útvegar það efni sem þarf til framkvæmdarinnar. Allt fyllingarefni sem notað var til

Magn efna til landfyllinga



Mynd 11. Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting árin 2012 til 2016

landfyllinga á árinu 2016 var jarðvegur frá framkvæmdum, fyllingarefni frá stóriðju og keypt fyllingarefni úr útboðsverkum.

Tafla 16. Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllingar árin 2015 og 2016

		2016	2015
		Magn	Magn
Landsvæði til landfyllinga	ha	1	1
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting			
Dýpkunarefni til landgerðar	m ³	0	0
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum og rekstri	m ³	0	16.200
Efni í flæðigryfju frá stóriðju	m ³	17.700	19.500
Fyllingarefni í útboðsverkum	m ³	26.500	4.800
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m ³	0	0
Heildarmagn efnis til landfyllinga	m³	44.200	40.500

